

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 13. júlí 2018
UST201807-003/B.S.
10.05.03


Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Akraneshöfn – endurbætur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurbætur og stækkun á aðalhafnargarði Akraneshafnar. Samfara þessum framkvæmdum verður ráðist í dýpkunarframkvæmdir utan og innan hafnarmynnis.

Hluti að grjóti í núverandi garði verður endurnýtt, en talið er að til viðbótar þurfi að taka um 20.000 m³ af grjóti sem sótt verður í eina af opnum grjótnámum við Akrafjall. Ráðgert er að kjarni/fylling um 56.000 m³ falli til við landmótun á iðnaðarlóð á Grundartanga. Dýkunarefni verður komið fyrir á svæðum sem áður hafa verið nýtt til slíkrar efnislosunar. Fram kemur í greinargerð að leitað verði leyfis Umhverfisstofnunar fyrir varpi í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Rákel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur